

oeb
MidSummit
Reykjavík
8 - 9 June 2017

Shaping the future
of learning

FRÉTTATILKYNNING - Birtist strax

15. mars 2017

HELSTU SÉRFRÆÐINGAR Á SVIÐI MENNTAMÁLA SVARA LYKILSPURNINGUM Á ÍSLANDI

Sérfræðingar á sviði menntamála, Edtech-frumkvöðlar og fjölbreyttur hópur af sérfræðingum, greinendum og stjórnendum hvaðanæva úr heiminum leggja land undir fót til Íslands í júní til að taka þátt í umræðum um mikilvæg málefni sem hafa áhrif á nútíma menntun og nám.

Þau munu taka þátt í **OEB MidSummit** – nýrri „hugsunarstefnu“ (e. thinkference), þar sem aðilar með ólíkan bakgrunn velja fyrir sér grundvallarspurningum hnatrænnar menntunar sem á erfitt með að ráða við áhrif skjótra tæknibreytinga.

Spurningar sem ræddar verða á MidSummit, sem haldin verður í Reykjavík, fela í sér:

Hver mótar stafræna námsáætlun nútímans og af hverju? Er sýn þeirra útópísk eða distópísk?

Hvernig verður námsupplifun morgundagsins?

Hvað getum við lært af því hvernig heilar okkar virka varðandi þá bestu leið til að virkja nemendur?

Hvernig getur tæknin gert forystuþróun tiltæka almenningi í stað aðeins útvalins hóps manna?

Hvernig getum við kennt skarpskyggni og hjálpað nemendum og fólki, á öld upplýsingafölsunar og gervifrétta (e. fake news), að greina á milli sanninda og ósanninda?

Umræðurnar verða leiddar af nokkrum af umdeildustu einstaklingum í menntun á heimsvísu. Ein af þeim, rithöfundurinn **Audrey Watters**, sem hefur verið kölluð „Cassandra frá Edtech,“ hefur þegar langt línurnar fyrir ráðstefnuna með því að gagnrýna notkun ‘stórgagna’ í skólum.

Nýlega greindi hún fréttaverkvangi ‘**OEB Insights**’ frá því að „fræðslugögn ættu að vera í forgangi hjá nýrri stjórn Trump. Skólar eru helteknir því að safna gögnum saman. Slíkt hefur lengi varað en nýja stafræna tæknin hefur neytt þá til að safna enn meiru. Allt með þeim fyrirheitum að veita betri innsýn inn í menntun og nám. Almennt séð tel ég að gert hafi verið of mikið úr þessum fyrirheitum. Núna, einkum undir forystu Trump, verðum við að velja fyrir okkur hvort við séum í raun að stofna nemendum í hættu í stað þess að hjálpa þeim... Ég hef miklar áhyggjur af því að með því að auðvelda svona víðtæka greiningu séum við að ýta undir hættulegar eftirlitsaðstæður...“

Skipuleggjandi ráðstefnunnar, Rebecca Stromeier, framkvæmdastjóri ICWE GmbH í Berlín, segir:

„MidSummit verður ólík öllum öðrum ráðstefnum í menntageiranum. Við köllum hana hugsunarráðstefnu því á henni mun meiri hugsun fara fram en á öðrum ráðstefnum, þó hún verði

oeb
MidSummit
Reykjavík
8 - 9 June 2017

Shaping the future
of learning

líka gott tækifæri til að bæta tengslamyndun. Fólk með ólíkan bakgrunn, sem nálgast vandamál á mismunandi hátt, ætlar að takast á við stærstu áskoranirnar í nútímapjóðfélagi og menntakerfum þess. MidSummit fer vel saman við aðalráðstefnu okkar, OEB Global, og veitir tækifæri fyrir ítarlegri íhugun á nokkrum af mest aðkallandi vandamálum sem steðja að menntun.

„Það gleður mig að ráðstefnan sé haldin á Íslandi, í landi þar sem yfirvöld notfæra sér tæknibreytingar til að ryðja veginn fyrir ýmsum nýjum tækifærum fyrir námsmenn. Ráðstefnan verður haldin rétt fyrir Jónsmessu í borg sem fyllir andagift miðja vega á milli Evrópu og Norður-Ameríku. Ég er þess fullviss að MidSummit verði að sönnu hrífandi viðburður.“

Upplýsingar hafa núna verið birtar á netinu um ráðstefnuna og má nálgast þær á heimasíðu MidSummit – www.oebmidsummit.com.

ENDIR

Athugasemdir fyrir ritstjóra

OEB MidSummit

Hvenær: 8. til 9. júní, 2017

Hvar: Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík

MidSummit er tveggja daga viðburður þar sem margbreytileiki menntunar á stafrænni öld er skoðaður með þverfaglegri nálgun.

Mælendur verða meðal annars fræðsluleiðtogi á mannauðssviði [Niyazi Arda Aygul - Isbank \(Tyrkland\)](#), taugavísindamaðurinn [Harold Bekkering - Radboud University \(Holland\)](#), mælendur um stafrænu byltinguna [Andrew Keen](#), fræðslustjóri Penn State [Andrew Shean - The Institute for Emerging Leadership in Online Learning, Penn State University \(BNA\)](#), fræðimaður á sviði menntamála framtíðarinnar [Tryggvi Thayer - Kennaraháskóli, Háskóli Íslands](#), [Roger Schank](#), leiðandi hugsjónamaður á sviði gervigreindar og rithöfundur á sviði tæknimála í menntun [Audrey Watters - Hack Education \(BNA\)](#)

Skipuleggjendur: ICWE GmbH, Leibnizstr. 32, 10625 Berlin, www.icwe.net

Tengiliður:

Frk. Rebecca Stromeyer

info@oebmidsummit.com

Sími: +49 (0)30 310 18 18 - 0

Fjölmiðlatengill:

Frk. Juliane Walter

ICWE GmbH

Sími: +49 (0)30 310 18 18 - 0

Fax: +49 (0)30 324 98 33

press-service@icwe.net

oeb
MidSummit

Reykjavik
8 - 9 June 2017

Shaping the future
of learning

Heimasíða: www.oebmidsummit.com

OEB Insights: www.oeb-insights.com

Twitter: [www.twitter.com/oebconference](https://twitter.com/oebconference), #OEB_MidSummit

Facebook: <https://www.facebook.com/oebconference/>

LinkedIn: <http://linkd.in/18ucSq9>

Instagram: https://www.instagram.com/oeb_conference/